

Þessar leiðbeiningar lýsa opinberum sýnatökum (sýni tekin af dýralækni Matvælastofnunar) úr varphænum í varpi, ef þær eru haldnar í búrum.

Svona tekur opinber dýralæknir sýni

Sýnatökuplan fyrir varphænur

Framleiðsla	Sýnatökutími	Sýnatökustaður	Sýnataka	Sýni tekið af framleiðanda	Sýni tekið af MAST
Fullorðnar Varphænur	Á 15 vikna fresti (1. sýnataka á aldrinum 22-26 vikna)	Varphús	- 2x150 g saursýni 1 ryksýni til viðbótar = 2 safnsýni	Alltaf, nema þegar MAST tekur sýni	1 sýni árlega úr einum hópi hjá hverjum framleiðanda

Saursýni

Úr hópum búrfugla skulu tekin tvísvar sinnum 150 g af driti, með því að safna drit tvísvar sinnum á 60 stöðum af öllum færriböndum fyrir drit eða af sköfum í húsinu, eftir að hafa sett kerfið í gang sem fjarlægir drit. Ef ekki eru til færribönd skulu tekin tvísvar sinnum 150g af nýjum saur á tvísvar sinnum 60 mismunandi stöðum undir grindunum.

Rannsóknarstofan hópar bæði sýnin í eitt safnsýni.

Ryksýni

Ryksýni eru tekin um allt húsið.

Nota skal einnota hanska til að safna ryki. Safnað er a.m.k. 100g í plastpoka eða glas (sem rúmar 250ml eða meira).

Ryksýni skal setja í sér poka.

Á rannsóknarstofu eru sokkarar (eitt par) og ryksýni rannsökuð sem eitt safnsýni.

Frágangur

Merkja skal sýnið vel með rekjanleikanúmer eldishóps og sýnatökudagsetningu.

Fyllta þarf nákvæmlega út rannsóknareyðublað og senda sýni ásamt rannsóknarbeiðni samdægurs á opinbera rannsóknarstofu. Sýni skal halda frá miklum hita eða sólskini.

Ef ekki er hægt að senda sýni samdægurs eða innan 24 klst. frá sýnatöku þarf að geyma það í kæli við 2-8°C. Athugið að sýni telst óhæft til rannsóknar ef það líða meira en 96 klst. frá sýnatöku og þar til sýni berst rannsóknarstofu.

Sýnatökubúnaður

- Hreinn plastpoki / ílát

- Einnota hanskar
- Tússpenni og límmiðar
- [Rannsóknareyðublað](#)
- Kassi til sendingar

Þessar leiðbeiningar lýsa sýnatökum skv. reglugerð (EB) nr. 517/2011, innleidd með reglugerð nr. 369/2012, og reglugerð (EB) nr. 2160/2003, innleidd með reglugerð nr. 1011/2011.

Síðast uppfært: 2. maí 2018